

AUGLÝSING
um samning um flugþjónustu við Mongólíu.

Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Mongólíu, sem gerður var í Ulaanbaatar 28. mars 2007, öðlaðist gildi 28. maí 2007.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR UM FLUGÞJÓNUSTU
MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
OG
RÍKISSTJÓRNAR MONGÓLÍU**

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Mongólíu (hér á eftir nefndar „samningsaðilar“),
sem eru aðilar að samningnum alþjóðlegt almenningsflug sem var lagður var fram til undirritunar
í Chicago 7. desember 1944,

sem óska þess að gera samning til viðbótar við fyrrnefndan samning í því skyni að koma á
flugþjónustu milli yfirráðasvæða hvorrar um sig og áfram frá þeim,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.*Skilgreiningar.*

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir, nema annað leiði af
samhengi:

- a) „Chicago-samningurinn“ merkir samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem undirritaður var
í Chicago 7. desember 1944, ásamt: i. hverri breytingu sem öðlast hefur gildi skv. a-lið 94. gr.
Chicago-samningnum og báðir samningsaðilar hafa fullgilt; og ii. hverjum viðauka við hana eða
breytingu þar á, sem er samþykktur eða samþykkt skv. 90. gr. Chicago-samningsins, að því leyti
sem slíkir viðaukar eða breytingar gilda gagnvart báðum samningsaðilum á tilteknum tíma;
- b) „flugmálayfirvöld“ merkir, að því er varðar Mongólíu, ráðuneyti vegu-, samgöngu- og ferðamála
og, að því er varðar 7. gr., flugmálastjórn og, að því er varðar Ísland, samgönguráðuneytið eða, í
báðum tilvikum, annan aðila eða stofnun sem hefur verið falið að inna af hendi störf sem eru í
verkahring fyrrnefndra yfirvalda eða sambærileg störf;
- c) „tilnefnt flugfélag“ merkir flugfélag sem hefur verið tilnefnt og fengið leyfi skv. 4. gr. þessa
samnings;
- d) „yfirráðasvæði“, að því er varðar ríki, hefur þá merkingu sem um getur í 2. gr. Chicago-
samningsins;
- e) hugtökin „flugþjónusta“, „alþjóðleg flugþjónusta“, „flugfélag“ og „viðkoma án viðskipta“ hafa
þá merkingu sem hverju þeirra er gefin í 96. gr. Chicago-samningsins;
- f) „samningur þessi“ tekur til viðaukans við samning þennan og allra breytinga þar á eða á samningi
þessum;
- g) „notendagjöld“ merkir gjöld sem lögbær yfirvöld taka eða heimila að séu tekin af flugfélögum
fyrir að láta þeim í té eignir eða aðstöðu á flugvelli eða flugleiðsögubúnað, þar með talin tengd
þjónusta og aðstaða, fyrir loftför, áhafnir þeirra, farþega og farm;
- h) „tilgreindar leiðir“ merkir leiðir sem eru tilgreindar í viðauka við samning þennan;
- i) „samþykkt flugþjónusta“ merkir þá flugþjónustu sem er stunduð á tilgreindum leiðum;
- j) „gjald“ merkir það verð sem ber að greiða fyrir flutning farþega, farangurs og farms og þau
skilyrði sem fyrrnefnt verð gildir við, þar með talið umboðslaun og aðrar aukapóknarir fyrir
umboð eða sölu flutningsskjala, að frátöldu endurgjaldi fyrir póstflutninga og skilyrðum fyrir
slíkum flutningum;
- k) „Evrópska efnahagssvæðið“ merkir þróað fríverslunarsvæði sem var komið á með samningnum
um Evrópska efnahagssvæðið, sem var gerður í Óportó 2. maí 1992, milli Evrópubandalagsins og
aðildarríkja þess annars vegar og EFTA-ríkjanna, að Sviss undanskildu, hins vegar. EFTA er
skammstöfun fyrir „European Free Trade Association (Fríverslunarsamtök Evrópu)“ en Ísland er
eitt aðildarríkja EFTA;

2. gr.

Gildissvið Chicago-samningsins.

Ákvæði samnings þessa eru með fyrirvara um ákvæði Chicago-samningsins að því marki sem þau ákvæði gilda um alþjóðlega flugþjónustu.

3. gr.

Veiting réttinda.

1. Hvor samningsaðili um sig veitir hinum samningsaðilanum eftirtalin réttindi með tilliti til alþjóðlegrar flugþjónustu hans:
 - a) réttindi til að fljúga yfir yfirráðasvæði sitt án þess að lenda;
 - b) réttindi til að hafa viðkomu á yfirráðasvæði sínu án viðskipta.
2. Hvor samningsaðili um sig veitir hinum samningsaðilanum réttindi, sem tilgreind eru í samningi þessum, í þeim tilgangi að halda uppi alþjóðlegri flugþjónustu á þeim leiðum sem tilgreindar eru í viðeigandi hluta leiðaskrárinnar í viðauka við samning þennan. Fyrirnefnd flugþjónusta og leiðir eru hér að aftan nefndar „samþykkt flugþjónusta“ og „tilgreindar leiðir“. Tilnefnt flugfélag eða flugfélög hvors samningsaðila um sig skulu, meðan það eða þau halda uppi samþykktri flugþjónustu á tilgreindri leið, njóta, auk þeirra réttinda sem tilgreind eru í 1. mgr. þessarar greinar, þeirra réttinda að hafa viðkomu á yfirráðasvæði hins samningsaðilans á stöðum, sem tilgreindir eru á viðkomandi leið í leiðaskránni með samningi þessum, í þeim tilgangi að taka um borð og setja af farþega og farm, þar með talinn pósti, hvort um sig eða hvoru tveggja.
3. Ekkert í 2. mgr. þessarar greinar telst veita tilnefndu flugfélagi eða flugfélögum annars samningsaðilans rétt til að taka um borð, á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, farþega og farm, þar með talinn pósti, sem fluttur eru gegn gjaldi til annars ákvörðunarstaðar á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.
4. Geti tilnefnt flugfélag ekki haldið uppi flugþjónustu á venjubundnum leiðum sínum sakir vopnaðra átaka, óróa eða framvindu af pólitískum toga eða sérstakra og óvenjulegra aðstæðna skal hinn samningsaðilinn kappkosta að auðvelda viðkomandi flugfélagi að halda áfram uppi fyrirnefndri þjónustu með því að endurskipuleggja leiðir með viðeigandi hætti til bráðabirgða.

4. gr.

Tilnefning flugfélaga og veiting leyfis þeim til handa.

1. Hvor samningsaðili um sig skal hafa rétt til að tilkynna hinum samningsaðilanum skriflega um tilnefningu eins eða fleiri flugfélaga, sem hyggjast halda uppi samþykktri flugþjónustu á hinum tilgreindu leiðum, og rétt til að draga slíkar tilnefningar til baka eða breyta þeim. Slíkar tilnefningar skulu vera skriflegar og þær ber að senda hinum aðilanum eftir diplómátskum leiðum.
2. Þegar slík tilnefning berst, í þeirri mynd og með þeim hætti sem tiltekið er vegna rekstrarleyfa og tæknileyfa, skal hinn samningsaðilinn, með fyrirvara um ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar, veita viðeigandi leyfi með sem minnstum tögum vegna málsmeðferðar, að því tilskildu:
 - a) er um ræðir flugfélag sem Mongólía hefur tilnefnt:
 - i. að það sé lögformlega stofnað á mongólsku yfirráðasvæði og hafi leyfi samkvæmt gildandi mongólskum lögum; og
 - ii. að Mongólía hafi og haldi við tilskildu eftirliti með flugfélaginu með skilvirkum hætti; og
 - b) er um ræðir flugfélag sem Ísland hefur tilnefnt:
 - i. að það hafi staðfestu á íslensku yfirráðasvæði og hafi leyfi samkvæmt gildandi íslenskum lögum; og
 - ii. að Ísland hafi og haldi við tilskildu eftirliti með flugfélaginu með skilvirkum hætti;
3. Flugmálafyrirvöldum annars samningsaðila er heimilt að krefjast þess af flugfélagi, sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt, að það sýni fram á hæfni sína til að uppfylla þau ákvæði laga og reglugerða sem slík yfirvöld beita að jafnaði, í samræmi við ákvæði Chicago-samningsins, og eðlilegt má teljast er um ræðir rekstur alþjóðlegrar flugþjónustu.
4. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að neita að veita rekstrarleyfi, er um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eða að setja skilyrði, sem hann kann að telja nauðsynleg fyrir því að tilnefnt

flugfélag geti hagnýtt sér þau réttindi er um getur í 2. mgr. 3. gr. samnings þessa, telji hlutað-eigandi samningsaðili sig ekki hafa fullvissu fyrir því:

- a) er um ræðir flugfélag sem Mongólía hefur tilnefnt:
 - i. að það sé lögformlega stofnað á mongólsku yfirráðasvæði og hafi leyfi samkvæmt gildandi mongólskum lögum; og
 - ii. að Mongólía hafi og haldi við tilskildu eftirliti með flugfélaginu með skilvirkum hætti; og
 - b) er um ræðir flugfélag sem Ísland hefur tilnefnt:
 - i. að það hafi staðfestu á íslensku yfirráðasvæði og hafi leyfi samkvæmt gildandi íslenskum lögum; og
 - ii. að Ísland hafi og haldi við tilskildu eftirliti með flugfélaginu með skilvirkum hætti.
5. Þegar flugfélag hefur verið tilnefnt með þeim hætti er fyrr greinir og fengið leyfi má það hefja þá samþykktu flugþjónustu er um ræðir, að því tilskildu að það fullnægi þeim ákvæðum samnings þessa sem við eiga.

5. gr.

Afturköllun eða tímabundin niðurfelling rekstrarleyfis.

1. Flugmálayfirvöldum hvors samningsaðila sem er er heimilt að afturkalla, fella niður tímabundið eða takmarka rekstrarleyfi eða tæknileyfi flugfélags, sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt, ef:
 - a) er um ræðir flugfélag sem Ísland hefur tilnefnt:
 - i. það hefur ekki staðfestu á íslensku yfirráðasvæði í samræmi við gildandi íslensk lög eða hefur ekki gilt rekstrarleyfi samkvæmt gildandi íslenskum lögum; eða
 - ii. Ísland hefur ekki eða heldur ekki við tilskildu eftirliti með flugfélaginu með skilvirkum hætti;
 - b) er um ræðir flugfélag sem Mongólía hefur tilnefnt:
 - i. það er ekki lögformlega stofnað á mongólsku yfirráðasvæði eða hefur ekki leyfi samkvæmt gildandi mongólskum lögum; eða
 - ii. Mongólía hefur ekki eða heldur við tilskildu eftirliti með flugfélaginu með skilvirkum hætti.
 - c) fyrrnefnt flugfélag hefur ekki fylgt þeim lögum og reglum er um getur í 10. gr. samnings þessa.
2. Ef tafarlaus afturköllun, tímabundin niðurfelling eða setning þeirra fyrirvara er um getur í 1. mgr. þessarar greinar er ekki frumskilyrði þess að koma í veg fyrir frekari brot á lögum eða reglugerðum skal slíkum rétti aðeins beitt að undangengnum viðræðum við flugmálayfirvöld hins samningsaðilans.

6. gr.

Stýring flutningsgetu.

1. Tilnefnd flugfélög beggja samningsaðila skulu fá sanngjörn og jöfn tækifæri til að halda uppi samþykktri flugþjónustu á hinum tilgreindu leiðum milli yfirráðasvæða þeirra.
2. Við rekstur samþykktar flugþjónustu skal tilnefnt flugfélag eða flugfélög hvors samningsaðila um sig taka tillit til hagsmuna tilnefnds flugfélags eða flugfélaga hins samningsaðilans í þeim tilgangi að hafa ekki ótilhlýðileg áhrif á þá þjónustu sem hin síðarnefndu halda uppi á sömu flugleiðum eða hluta þeirra.
3. Samþykkt flugþjónusta, sem tilnefnd flugfélög samningsaðilanna veita, skal vera í nánú samræmi við flutningsþarfir almennings á hinum tilgreindu leiðum og meginmarkmiðið með henni skal vera að bjóða fram, með hæfilegri hleðslunýtingu, nægjanlega flutningsgetu til þess að anna raunverulegri og hæfilega áætlaðri flutningsþörf fyrir farþega og farm, þar með talinn pósti, sem koma frá eða eru á leið inn á yfirráðasvæði samningsaðilans sem hefur tilnefnt viðkomandi flugfélag. Flutningur farþega og farms, að meðtöldum pósti, sem eru teknir um borð og settir af á stöðum á hinum tilgreindu leiðum á yfirráðasvæðum ríkja, annarra en þess sem tilnefndi viðkomandi flugfélag, skal fara fram í samræmi við þá meginreglu að flutningsgeta sé miðuð við:

- a) flutningaþörf til og frá yfirráðasvæði samningsaðilans sem hefur tilnefnt viðkomandi flugfélag;
- b) flutningaþörf þess svæðis sem hin samþykkt þjónusta fer um, að teknu tilliti til annarrar flugþjónustu sem flugfélög þeirra ríkja sem ná yfir fyrrnefnt svæði hafa komið á; og
- c) þörf fyrir gegnumflug.

7. gr.

Gjöld.

1. Ákveða ber gjöld, sem flugfélag eða flugfélög annars samningsaðilans hyggjast taka fyrir flutning til eða frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans, eftir því sem eðlilegt má teljast, að teknu hæfilegu tilliti til viðeigandi þátta, m.a. rekstrarkostnaðar, eðlilegs hagnaðar og gjalda annarra flugfélaga.
2. Ekki er gerð krafa um að fram fari samráð milli flugfélaga til þess að unnt sé að skrá eða ákveða gjöld.
3. Ef þörf krefur geta flugmálayfirvöld hvors samningsaðila sem er samþykkt gjald, sem hlutað-eigandi flugfélög gera tillögu um, hvenær sem er. Gjaldið telst hafa verið samþykkt berist ekkert svar innan tuttugu (20) daga frá skráningardegi þess. Tilkynni flugmálayfirvöld annars samningsaðilans um það skriflega að þau samþykki ekki gjaldið geta bæði flugmálayfirvöld, samt sem áður og að fram kominni beiðni hvorra sem er, gert tilraun til þess að ákveða gjaldið með samkomulagi.
4. Gjald, sem flugmálayfirvöld hvors samningsaðilans sem er hafa tilkynnt að þau samþykki ekki, skal ekki taka gildi.
5. Gjöld, sem flugfélag tilnefnt af hálfu Mongólíu hyggst taka fyrir flutninga einvörðungu innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu háð ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samt sem áður hefur hvert tilnefnt flugfélag rétt til að bjóða sömu gjöld og gert er á markaðinum.

8. gr.

Tollar.

1. Loftför, sem tilnefnt flugfélag eða flugfélög hvors samningsaðilans sem er starfrækja í alþjóðlegri flugþjónustu, skulu undanþegin öllum tollum, innlendum vörugjöldum og líkum innlendum gjöldum, einnig:
 - a) eftirtaldir hlutir sem tilnefnt flugfélag annars samningsaðilans kemur með inn á yfirráðasvæði hins samningsaðilans:
 - i. tækjabúnaður vegna viðgerða, viðhalds og þjónustu ásamt íhlutum;
 - ii. tækjabúnaður fyrir afgreiðslu farþega ásamt íhlutum;
 - iii. tækjabúnaður fyrir lestun farms ásamt íhlutum;
 - iv. öryggisbúnaður, þar með taldir íhlutir fyrir slíkan búnað;
 - v. efni sem inniheldur fyrirmæli ásamt hjálparbúnaði fyrir þjálfun;
 - vi. skjöl og gögn flugfélaga og flugrekenda; og
 - b) eftirtaldir hlutir sem tilnefnt flugfélag annars samningsaðilans kemur með inn á yfirráðasvæði hins samningsaðilans eða eru látnir tilnefndu flugfélagi annars samningsaðilans í té á yfirráðasvæði hins samningsaðilans:
 - i. aðföng loftfars (þar með talinn, en þó ekki eingöngu, matur, drykkir og tóbak), hvort sem komið er með þau inn eða þau eru flutt um borð á yfirráðasvæði hins samningsaðilans;
 - ii. eldsneyti, smurefni og einnota tæknibirgðir;
 - iii. varahlutir, þar með taldir hreyflar; og
 - c) tölvubúnaður ásamt íhlutum sem tilnefnt flugfélag annars samningsaðilans kemur með inn á yfirráðasvæði hins samningsaðilans í því skyni að greiða fyrir einu eða fleiru af eftirfarandi:
 - i. viðgerðum og viðhaldsþjónusta fyrir loftför;
 - ii. afgreiðslu farþega á flugvelli eða um borð í loftfari;
 - iii. því að ferma eða afferma loftfar;
 - iv. því að skoða farþega og farm með tilliti til flugverndar, að því gefnu að slíkur búnaður sé í hverju tilviki til notkunar um borð í loftfari eða innan marka alþjóðaflugvallar og tengist því að hlutaðeigandi tilnefnt flugfélag komi á eða viðhaldi alþjóðlegri flugþjónustu.

2. Undanþágur frá tollum, innlendum vörugjöldum og líkum innlendum gjöldum ná ekki til gjalda sem eru rakin til kostnaðar vegna þjónustu sem tilnefndu flugfélagi eða flugfélögum samningsaðila er látin í té á yferráðasvæði hins samningsaðilans.
3. Heimilt er að gera kröfu um að búnaður og birgðir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, verði undir eftirliti eða stjórn viðkomandi yfirvalda.
4. Undanþágur, sem kveðið er á um í þessari grein, skulu einnig fánlegar þegar tilnefnt flugfélag eða flugfélög annars samningsaðilans hafa gert samninga við annað flugfélag eða flugfélög um lán eða flutning þeirra hluta er um getur í 1. mgr. þessarar greinar á yferráðasvæði hins samningsaðilans, að því tilskildu að slíkt annað flugfélag eða flugfélög njóti með líkum hætti slíkra undanþága hjá hinum samningsaðilanum.

9. gr.

Flugvernd.

1. Í ljósi þeirrar frumforsendu fyrir rekstri alþjóðlegrar flugþjónustu að öryggi almenningsloftfara, farþega þeirra og áhafna sé tryggt árétta samningsaðilar að þær skuldbindingar þeirra gagnvart hvor öðrum, að vernda almenningsflug gegn ólöglegum truflunum (einkum skuldbindingar þeirra samkvæmt Chicago-samningnum, samningnum varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum, sem undirritaður var í Tókýó 14. september 1963, samningnum um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem undirritaður var í Haag 16. desember 1970, samningnum um að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem undirritaður var í Montreal 23. september 1971, og bókun til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, sem undirrituð var í Montreal 24. febrúar 1988) og samningnum um merkingu plastsprengiefna til að unnt sé að bera kennsl á þau, sem undirritaður var í Montreal 1. mars 1991, eru óaðskiljanlegur hluti af samningi þessum.
2. Samningsaðilar skulu, að fenginni beiðni þar um, veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar ólöglegar aðgerðir, sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla og flugleiðsögubúnaðar, og til að fást við sérhverja aðra ógnun við öryggi í almenningsflugi.
3. Samningsaðilarnir skulu, í gagnkvæmum samskiptum sín á milli, haga gerðum sínum í samræmi við flugverndarviðmiðanir og, að því marki sem þeir fylgja þeim, þær starfsvenjur sem mælt er með og Alþjóðaflugmálastofnunin hefur innleitt og eru tilgreindar sem viðaukar við Chicago-samninginn. Þeir skulu gera kröfu um að rekstraráðilar loftfara, sem eru skráð hjá þeim, rekstraráðilar loftfara, sem hafa aðalstarfsstöð sína eða fast aðsetur á yferráðasvæðum þeirra, og rekstraráðilar flugvalla á yferráðasvæðum þeirra hagi gerðum sínum í samræmi við slík flugverndarákvæði. Í málsgrein þessari taka tilvísanir til flugverndarviðmiðana til allra frávíka sem hlutaðeigandi samningsaðili tilkynnir um til SIO. Hvor samningsaðili um sig skal tilkynna hinum fyrirfram um þá fyrirætlun sína að tilkynna um frávik.
4. Hvor samningsaðili um sig skal tryggja að ráðstafanir séu gerðar með virkum hætti á yferráðasvæði hans til að vernda loftför, grannskoða farþega og handfarangur þeirra og skoða áhafnir, farm (þar með talinn handfarangur) og aðföng loftfars með viðeigandi hætti áður en og um leið og farið er um borð eða hleðsla fer fram og að fyrrnefndar ráðstafanir séu aðlagðar til þess að mæta aukinni ógnun. Hvor samningsaðili um sig samþykkir að heimilt sé að gera þá kröfu til flugfélaga hans að þau virði flugverndarákvæðin, sem um getur í 3. mgr., eins og hinn samningsaðilinn ætlast til vegna komu inn á yferráðasvæði hans, brottför þaðan eða veru þar. Hvor samningsaðili um sig skal og verða vinsamlega við öllum óskum hins samningsaðilans um réttmætar og sérhæfðar öryggisráðstafanir til þess að mæta tiltekinni ógnun.
5. Þegar yfirvofandi hætta er á ólöglegri töku almenningsloftfara eða öðrum ólöglegum aðgerðum, sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar, eða þegar slíkt á sér stað, skulu samningsaðilarnir aðstoða hvorn annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði, eða yfirvofandi hættu á slíkum atburðum, með eins skjóttum hætti og frekast er unnt og þannig að mannlífum sé stofnað í sem minnsta hættu.

10. gr.

Öryggi.

1. Hvor aðili sem er getur óskað eftir viðræðum um öryggisviðmiðanir sem er fylgt er í hlut á flugfélag, sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt, og lúta að búnaði til flugs, flugáhöfnum, loftförum og rekstri tilnefndu flugfélaganna.
2. Ef annar samningsaðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir slíkar viðræður, að hinn samningsaðilinn fylgi ekki í raun og beiti öryggisviðmiðunum á þeim sviðum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, þ.e. öryggisviðmiðunum sem eru í samræmi við þær viðmiðanir sem þá gilda samkvæmt Chicago-samningnum, skal síðarnefnda samningsaðilanum tilkynnt um þær niðurstöður og til hvaða ráðstafana nauðsynlegt er talið að grípa til að uppfylla fyrrnefndar viðmiðanir. Skal þá síðarnefndi samningsaðilinn gera viðeigandi ráðstafanir þessu til leiðréttingar innan umsaminna tímamarka.
3. Samningsaðilarnir eru ennfremur samþykkir því, í samræmi við ákvæði 16. gr. Chicago-samningsins, að heimilt sé að framkvæma skoðun á hverju því loftfari sem flugfélag annars samningsaðilans starfrækir, eða er starfrækt á þess vegum, og er í förum til eða frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans, meðan það er á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, og að slík skoðun sé framkvæmd af viðurkenndum fulltrúum hins samningsaðilans, að því tilskildu að skoðunin valdi ekki óeðlilegri seinkun að því er starfrækslu loftfarsins varðar. Þrátt fyrir skuldbindingarnar, sem um getur í 33. gr. Chicago-samningsins, er skoðunin framkvæmd í því skyni að ganga úr skugga um gildi viðeigandi skilríkja sem fylgja loftfarinu, flugáhafnaskírteina og það að tækjabúnaður og ástand loftfarsins uppfylli þær viðmiðanir sem þá gilda samkvæmt Chicago-samningnum.
4. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til þess að nema flugrekstrarleyfi flugfélags eða flugfélaga hins samningsaðilans tímabundið úr gildi eða breyta því þegar nauðsynlegt er að grípa til brýnna aðgerða í því skyni að tryggja öryggi í rekstri flugfélags.
5. Aðgerðum, sem annar samningsaðilinn grípur til í samræmi við ákvæði 4. mgr. þessarar greinar, skal hætt um leið og forsendur fyrir því að grípa til þeirra eru ekki lengur fyrir hendi.
6. Liggi ljóst fyrir að annar samningsaðilinn hafi ekki uppfyllt fyrrnefndar viðmiðanir að umsömdum tíma liðnum skal, með vísan til ákvæða 2. mgr. þessarar greinar, tilkynna aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) um það. Þá ber og að tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um eftirfarandi farsæla lausn málsins.

11. gr.

Útvegum tölfraðilegra gagna.

Flugmálayfirvöld samningsaðila skulu, að fram kominni beiðni þar um, láta flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans í té tölfraðilegar greinargerðir, þ.e. reglubundnar eða annars konar greinargerðir, sem eðlilegt má telja að séu nauðsynlegar til þess að unnt sé að endurskoða þá flutningsgetu sem er boðin fram með samþykktri flugþjónustu sem tilnefnt flugfélag eða flugfélög fyrstnefnda samningsaðilans láta í té. Í slíkum greinargerðum skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að komast að því hvert flutningsmagn fyrrnefndra flugfélaga er með tilliti til hinnar samþykktu flugþjónustu og hvaðan slíkur flutningur kemur og hver ákvörðunarstaður hans er.

12. gr.

Yfirfærsla tekna.

Hvert tilnefnt flugfélag á rétt á að skipta tekjum, sem er aflað á staðnum og eru umfram útgjöld á staðnum, og senda til heimalandsins sé þess óskað. Heimila skal gjaldeyrisskipti og sendingu án nokkurra takmarkana á því gengi sem gildir um peningasendingar þann dag þegar umræddar tekjur eru lagðar fram til gjaldeyrisskipta og sendingar og skulu þau eigi gjaldskyld umfram venjuleg gjöld sem bankar taka fyrir slík gjaldeyrisskipti og sendingar.

13. gr.

Umboðsaðilar flugfélaga og sala.

1. Tilnefnt flugfélag eða flugfélög annars samningsaðilans eiga rétt á, í samræmi við lög og reglur hins samningsaðilans um komu, búsetu og atvinnu, að flytja inn og hafa á yfirráðasvæði hins

samningsaðilans sérfræðinga, sem vinna við stjórnun, sölu, tækniþjónustu og rekstur, og aðra sérhæfða starfsmenn sem nauðsynlegir eru til þess að unnt sé að bjóða fram flugþjónustu.

2. Tilnefnt flugfélag eða flugfélög hvors samningsaðila um sig eiga rétt á að selja flutninga í lofti á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, annaðhvort milliliðalaust eða fyrir atbeina umboðsmanna sem hlutaðeigandi tilnefnt flugfélag tilnefnir. Tilnefnt flugfélag eða flugfélög hvors samningsaðila um sig eiga rétt á að selja, og öllum skal fjálst að kaupa, slíka flutninga með gjaldmiðli hlutaðeigandi lands eða öðrum gjaldmiðli sem fjálst er að skipta.

14. gr.

Notendagjöld.

1. Hvorugur samningsaðila skal leggja á eða heimila að lögð verði á tilnefnt flugfélag eða flugfélög hins samningsaðilans hærra notendagjöld en þau sem lögð eru á eigin flugfélög sem halda uppi sambærilegri alþjóðlegri flugþjónustu.
2. Hvor samningsaðili um sig skal hvetja til þess að fram fari viðræður um notendagjöld milli lögbærra yfirvalda sinna á sviði gjaldtöku og flugfélaga, sem nota þá þjónustu og aðstöðu sem fyrrnefnd yfirvöld láta í té, og að slíkar viðræður fari fram fyrir atbeina samtaka sem koma fram fyrir hönd flugfélaganna, ef því verður við komið. Láta ber fyrrnefndum notendum í té allar tillögur um breytingar á notendagjöldum með eðlilegum fyrirvara til þess að gera þeim kleift að láta álit sitt í ljós áður en til breytinga kemur. Hvor samningsaðili um sig skal ennfremur hvetja lögbær yfirvöld sín á sviði gjaldtöku og fyrrnefnda notendur til að skiptast á viðeigandi upplýsingum um notendagjöld.

15. gr.

Samráð.

Hvor samningsaðilinn sem er getur hvenær sem er farið fram á viðræður um beitingu, túlkun eða framkvæmd samnings þessa eða breytingu á honum í samræmi við ákvæði hans. Viðræðurnar, sem geta farið fram milli flugmálayfirvalda samningsaðilanna, skulu hefjast innan 60 daga frá þeim degi þegar hinn samningsaðilinn veitir skriflegri beiðni viðtöku, nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað.

16. gr.

Lausn deilumála.

1. Rísi deila milli samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa skulu þeir fyrst leitast við að leysa hana með samningaviðræðum.
2. Nái samningsaðilar ekki að leysa deiluna með samningaviðræðum geta þeir vísað henni til aðila eða stofnunar sem þeir kunna að sammælast um. Að öðrum kosti skal, að beiðni hvors samningsaðilans sem er, vísa deilunni til úrlausnar dóms sem þrír gerðarmenn skipa og stofnaður er lögformlega með eftirfarandi hætti:
 - a) hvor samningsaðili um sig skal skipa einn gerðarmann innan 30 daga frá móttökudegi beiðni um gerðardómsmeðferð. Gerðarmennirnir tveir skulu, innan 60 daga frá því að sá síðari er skipaður, koma sér saman um að skipa ríkisborgara þriðja ríkis þriðja gerðarmanninn og skal sá sitja í forsæti dómsins;
 - b) hvor samningsaðilinn sem er getur, hafi ekki verið gengið frá einhverri skipun innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru hér að framan, farið þess á leit við forseta Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar að hann annist þá skipun sem nauðsynleg er innan 30 daga. Ef forseti Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er ríkisborgari annars samningsaðilans skal fara þess á leit við þann meðlim stofnunarinnar sem gengur næst að starfsaldri og ekki er vanhæfur af sömu ástæðu að hann annist skipunina.
3. Gerðardómurinn skal, með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar hér að aftan eða ákvörðun samningsaðilanna um annað, ákvarða hver lögsaga hans er og setja sér starfsreglur. Halda ber þing, að fyrrmælum dómsins eða að beiðni annars samningsaðilans og eigi síðar en 30 dögum eftir að dómurinn er fullskipaður, til að ákvarða nákvæmlega í hvaða málum eigi að úrskurða og hvaða tiltekinni málsmeðferð beri að fylgja.

4. Hvor samningsaðili um sig skal leggja fram greinargerð innan 45 daga frá því að dómurinn er fullskipaður, nema samningsaðilarnir komi sér saman um eða dómurinn fyrirskipi annað. Hvor samningsaðili um sig getur borið fram svar innan 60 daga frá því að greinargerð hins samningsaðilans er lögð fram. Dómurinn skal rétta í málinu, að beiðni hvors samningsaðilans sem er eða að eigin ákvörðun, innan 30 daga frá því að svör eiga að hafa borist.
5. Dómurinn skal leitast við að leggja fram skriflega niðurstöðu innan 30 daga eftir að réttað hefur verið í málinu eða, ef ekki er réttað í málinu, innan 30 daga eftir að svör beggja samningsaðila hafa verið borin fram. Meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu gerðardóms.
6. Samningsaðilar geta beiðst skýringa á niðurstöðu dómsins innan 15 daga frá því að henni er veitt viðtaka og skulu skýringar gefnar innan 15 daga frá því að beiðnin er lögð fram.
7. Niðurstæða gerðardómsins er bindandi fyrir samningsaðila.
8. Hvor samningsaðili um sig skal bera kostnað vegna þess gerðarmanns sem hann skipar. Öðrum útgjöldum dómsins skal skipta jafnt á milli samningsaðilanna, meðal annars útgjöldum sem forseti, varaforseti eða meðlimur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar stofnar til vegna þeirrar málsmeðferðar er um getur í b-lið 2. mgr. þessarar greinar.

17. gr.

Breytingar.

Breytingar á samningi þessum, sem samningsaðilar koma sér saman um, skulu koma til framkvæmda eftir staðfestingu með orðsendingaskiptum.

18. gr.

Starfræksla leigðra loftfara.

Tilnefndum flugfélögum samningsaðilanna er heimilt að nota loftför og áhafnir með leiguskilmálum þegar samþykktri flugþjónustu er haldið uppi, að því tilskildu að leigusamningar séu háðir samþykki flugmálastjórnar hins samningsaðilans í samræmi reglugerðir þess aðila.

19. gr.

Marghliða samningar.

Þegar almennur marghliða samningur um flutninga í lofti, sem samningsaðilar hafa staðfest, öðlast gildi skulu ákvæði slíks samnings ganga framar. Viðræður í því skyni að ákveða að hvaða marki ákvæði samnings þessa eru felld úr gildi, leyst af hólmi, þeim breytt eða þau aukin með ákvæðum marghliða samningsins skulu fara fram í samræmi við ákvæði 16. gr. samnings þessa.

20. gr.

Uppsögn.

Hvor samningsaðili sem er getur hvenær sem er tilkynnt hinum samningsaðilanum skriflega um þá ákvörðun sína að segja samningi þessum upp. Samtímis skal senda Alþjóðaflugmálastofnuninni slíka tilkynningu. Samningur þessi fellur úr gildi (á þeim stað þar sem tilkynningunni er veitt viðtaka) á miðnætti aðfararnótt þess dags þegar ár er liðið frá því að hinn samningsaðilinn veitti slíkri tilkynningu viðtöku, nema að samkomulag sé gert um að draga hana til baka áður en sá tími er liðinn. Staðfesti hinn samningsaðilinn ekki móttöku skal litið svo á að tilkynningu hafi verið veitt viðtaka 14 dögum eftir þann dag þegar Alþjóðaflugmálastofnunin veitti henni viðtöku.

21. gr.

Skráning hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Skrá skal samning þennan, ásamt öllum breytingum á honum, hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

22. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi þann dag sem síðari orðsendingin er dagsett, að afloknum diplómátskum orðsendingaskiptum milli samningsaðilanna sem staðfesta að lögformlegri innlendri málsmeðferð, sem er nauðsynleg til þess að samningurinn öðlist gildi, sé lokið.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Ulaanbaatar hinn 28. mars 2007 á ensku, mongólsku og íslensku og eru allir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

Gunnar Snorri Gunnarsson
sendiherra

Fyrir hönd ríkisstjórnar Mongólíu

Nyamaagiin Enkhbold
utanríkisráðherra

VIÐAUKI
LEIÐASKRÁ.

Flugleiðir sem tilnefnt flugfélag eða flugfélög mongólsk munu starfa á:

Staðir handan við Mongólíu	Staðir í Mongólíu	Viðkomustaðir	Staðir á Íslandi	Staðir sem flogið er til áfram
Verða ákveðnir af Mongólíu	Tveir staðir sem Mongólía tilgreinir	Verða ákveðnir af Mongólíu	Tveir staðir sem Mongólía tilgreinir	Verða ákveðnir af Mongólíu

Flugleiðir sem tilnefnt flugfélag eða flugfélög íslensk munu starfa á:

Staðir handan við Ísland	Staðir á Íslandi	Viðkomustaðir	Staðir í Mongólíu	Staðir sem flogið er til áfram
Verða ákveðnir af Íslandi	Tveir staðir sem Ísland tilgreinir	Verða ákveðnir af Íslandi	Tveir staðir sem Ísland tilgreinir	Verða ákveðnir af Íslandi

ATH.:

1. Tilnefndu flugfélagi eða flugfélögum hvors samningsaðilans sem er er heimilt að sleppa viðkomu á hvaða viðkomustað sem er eða stað, sem flogið er til áfram, í hvaða flugi sem er eða öllu flugi.
2. Réttur til flutninga, sem er ekki tilgreindur í samningi þessum, er háður samkomulagi milli flugmálayfirvalda hvors samningsaðila um sig.

**AIR SERVICES AGREEMENT
BETWEEN
THE GOVERNMENT OF ICELAND
AND
THE GOVERNMENT OF MONGOLIA**

The Government of Iceland and the Government of Mongolia (hereinafter referred to as the “Contracting Parties”)

Being parties to the Convention on International Civil Aviation opened for signature at Chicago on 7 December 1944;

Desiring to conclude an Agreement supplementary to the said Convention for the purpose of establishing air services between and beyond their respective territories;

Have agreed as follows:

ARTICLE 1

Definitions

For the purpose of this Agreement, unless the context otherwise requires, the terms mean;

- a) “The Chicago Convention” - the Convention on International Civil Aviation, opened for signature at Chicago on 7 December 1944, including: (i) any amendment thereto which has entered into force under Article 94(a) thereof and has been ratified by both Contracting Parties; and (ii) any Annex or any amendment thereto adopted under Article 90 of that Convention, insofar as such Annex or amendment is at any given time effective for both Contracting Parties;
- b) “aeronautical authority” - in the case of Mongolia, the Ministry of Road, Transport and Tourism and, for the purpose of Article 7, the Civil Aviation Authority and in the case of Iceland, the Ministry of Communications, Transport and Tourism, or, in both cases, any person or body, authorized to perform any functions at present exercised by the above-mentioned authorities or similar functions;
- c) “designated airline” - an airline which has been designated and authorized in accordance with Article 4 of this Agreement;
- d) “territory” - in relation to a State has the meaning assigned to it in Article 2 of the Chicago Convention;
- e) “air service”, “international air service”, “airline” and “stop for non-traffic purposes” have the meanings respectively assigned to them in Article 96 of the Chicago Convention;
